

Fundargerð

Fimmtudagurinn 7. september 2021 kl. 09:00 kom eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) saman til fundar í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu.

Fundinn sátu Þórir Ólafsson formaður, Gerður Guðjónsdóttir, Oddur Jónsson, Jóhannes Á. Jóhannesson áheyrnarfulltrúi og Sigurður Ármann Snævarr áheyrnarfulltrúi.

Gústav Aron Gústavsson boðaði forföll.

1. Samþykkt fundargerð síðasta fundar

Fundargerð fundar nr. 379 samþykkt.

2. Ársreikningar 2020

Umræða um nokkur sveitarfélög sem voru með neikvæða framlegð í A-hluta á árinu 2020.

3. Sveitarfélagið Vogar

Lögð var fram skýrsla um fjárhagsúttekt á rekstri fyrir Sveitarfélagið Vogar, dags. 30. júní 2021, sem var unnin af RR Ráðgjöf. Greinargóð samantekt möguleika í endurskipulagningu sveitarfélagsins en síðan eftir að velja og útfæra leiðir. Bíðum frekari útfærslu.

4. Strandabyggð

Lögð var fram skýrsla um fjárhagsúttekt á rekstri Strandabyggðar, dags. 8. júlí 2021, sem var unnin af Ráðrík. Ljóst að halda þarf vel um málin og tekur nefndin undir nauðsyn þess að stjórnandi verði fengin til að fylgja málum eftir en greinilegt að sveitarfélagið er í þröngri stöðu.

5. Önnur mál

Enginn önnur mál

Næsti fundur nefndarinnar 16. september nk.